

Fundur í fagráði nautgriparæktar 14. febrúar 2019

Fundargerð

Fundurinn var haldinn 14. febrúar 2019 í Nautastöðinni á Hesti og hófst kl. 11.00.

Mættir: Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Gunnar Kr. Eiríksson, Þórarinn Leifsson, Hafþór Finnbogason, Pétur Diðriksson, Björn S. Gunnarsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Margrét Gísladóttir var í símasambandi. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Tilnefningar faghóp nautakjöts
3. Útbreiðsla nýs erfðaefnis holdanauta
4. Niðurstöður kynbótamats í janúar 2019
5. Bestu naut 2011 og 2012 árganga nauta
6. Helstu niðurstöður skýrsluhaldsins 2018
7. Kynning á verkefnalista fagráðs
8. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð, dags. 16. janúar 2019, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

2. Tilnefningar í faghóp nautakjöts.

Borist hafa eftirtaldar tilnefningar í faghóps nautakjöts; Bessi Vésteinsson fyrir hönd Lands sambands kúabænda, Sigurður Loftsson fyrir hönd Nautgriparæktarmiðstöðvar Íslands og Þóroddur Sveinsson fyrir hönd Landbúnaðarháskóla Íslands.

3. Útbreiðsla nýs erfðaefnis holdanauta

Rætt um hvernig væntanlega útbreiðsla nýs erfðaefnis holdanauta gæti orðið. Fagráð hefur miklar áhyggjur af því að holdabændur muni almennt ekki notfæra sér sæðingar og að nauðsynlegt sé að gera mikið átak í kynningu á kostum þess og hvernig það verði best nýtt. Jafnframt þarf fræðslu um hvernig sem bestur árangur næst úr sæðingum ásamt því að gera mönnum grein fyrir væntanlegum ávinningi.

4. Niðurstöður kynbótamats í janúar 2019.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður kynbótamats sem var keyrt núna í janúar að loknu ársuppgjöri. Kynbótamat fyrir efnahlutföll byggir nú á mælidagalíkani auk þess sem búið er að bæta við mati fyrir afurðauðhald sem er reiknað fyrir mjólk, fitu og prótein. Þau reyndu naut sem hafa verið

í dreifingu undanfarna mánuði standa vel við fyrri dóm og nokkur þeirra sem ýmist hækka eða lækka. Mest hækkar Jörfi 13011 eða um tvö stig og Víkingur 13017 og Steri 13057 lækka um 3 stig. Aðrar breytingar eru minni.

Farið yfir reynd naut í notkun og með hliðsjón af einkunnum og notkun var ákveðið að taka Fossdal 10040 og Polka 12099 úr dreifingu. Þess í stað koma nýir inn í dreifingu Brjánn 14002 og Hæll 14008. Þá var ákveðið að nýir nauksfeður verði Jörfi 13011 og Bárður 13027 ásamt því að Bakkus 12001, Sjarmi 12090 og Hálfmáni 13022 verða áfram í þeim hópi. Steri 13057 hefur lækkað í einkunn og verður ekki nauksfaðir áfram, einkum vegna of lágrar einkunnar fyrir mjaltir.

Ákveðið að henda öllu sæði úr eftirtöldum nautum; Bolla 13041, Kokk 13046, Kasper 13047, Straumi 13082 og Aladín 13088. Þar með er afkvæmadómi 2013 árgangs nauta lokið.

5. Bestu naut 2011 og 2012 árganga nauta.

Besta naut 2011 árgangsins valið Gýmir 11007 frá Berustöðum 2 í Ásahreppi.

Besta naut 2012 árgangsins valið Sjarmi 12090 frá Hrepphólum í Hrunamannahreppi.

Þessi naut verða verðlaunuð á næsta fagþingi nautgriparæktarinnar sem fram fer í mars n.k.

6. Helstu niðurstöður skýrsluhaldsins 2018.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður skýrsluhaldsins á nýliðnu ári. Fram kom hjá honum að á árinu 2018 hefðu 569 bú skilað skýrslum yfir 26.208 árskýr samanborið við 581 bú og 26.352 árskýr árið áður. Fækkunina mætti fyrst og fremst rekja til fækkunar búa. Meðalframleiðsla á bú var 274.340 lítrar en var 262.961 lítri árið áður. Meðalafurðir jukust verulega og enduðu í 6.275 kg á árskú sem eru mestu afurðir frá upphafi. Afurðahæsta bú ársins reyndist vera Hóll í Svarfaðardal með 8.902 kg/árskú og afurðahæsta kýrin var Randafluga 1035 í Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi en hún mjólkaði 13.947 kg. Burðardreifing yfir árið er svipuð og áður þó hann sé heldur að jafnast. Aldur við burð lækkaði nokkuð frá fyrra ári. Nú bregður svo við að ófrjósemi er orðin algengasta förgunarástæðan en jógurbólga næst algengust. Spurning hvort þetta sé vísbending um lakari frjósemi og betra jógurheilbrigði. Hjá óbornum kvígum er ófrjósemi algengasta förgunarástæðan. Ásetningur nautkálfa fer vaxandi.

Þá fór Guðmundur yfir niðurstöður skýrsluhaldsins í nautakjötsframleiðslunni sem farið var að birta undir lok síðasta árs. Þær niðurstöður ná til 105 búa sem halda kýr til kjötframleiðslu eingöngu, þ.e. eru ekki einnig með mjólkurframleiðslu. Niðurstöður voru þær helstar að á þessum 105 búum voru 2.217 kýr við lok ársins eða meðaltali 21,1 kýr/bú sem reiknast í 17,1 árskú/bú. Meðalframleiðsla á bú nam 4.650 kg og var meðalfallþungi kúa 203,8 kg og meðalfallþungi ungneyta 246,1 kg. Til samanburðar var meðalfallþungi allra ungneyta á landinu 240,2 kg. Meðalflokkun ungneyta á búunum 105 reyndist vera 4,8 en landsmeðaltal 4,0. Fram kom hjá Guðmundi að sæðingar eru nánast óþekktar á þessum búum eða lítt stundaðar, aðeins 124 kýr voru sæddar á árinu 2018. Þyngstu gripir ársins komu frá Breiðabóli á Svalbarðsströnd, Nýjabæ undir Eyjafjöllum og Hamri í Hegranesi og þyngsti gripurinn var holdablendingur (AAxis) frá Breiðabóli sem vóg 532,5 kg við 29 mán. aldur.

Í kjölfarið var rætt um niðurstöður skýrsluhaldsins og þá einkum hversu mikil og ónýtt tækifæri væri að finna í framleiðslu nautakjöts. Greinilega væri himinn og haf milli þeirra framleiðenda sem væru að ná bestum og lökustum árangri. Þá væri greinilegt að þau tækifæri sem lægju í notkun

holdasæðis væru alls ekki nýtt þrátt fyrir að allar tölur um þunga og vaxtarhraða bentu til gríðarlegs munar í hagkvæmni. Það væri ákaflega miður.

7. Kynning á verkefnalista fagraðs.

Guðný Helga fór yfir væntanlega kynningu á verkefnalista fagraðs og möguleika á námsstyrkjum sem fram fer á Hvanneyri nú að loknum þessum fundi. Hún ræddi þær reglur og viðmið sem viðhöfð hafa verið varðandi nemendaverkefni og sagði jafnframt frá því að Framleiðnisjóður hefði hækkað hámark námsstyrkja í 1 milljón króna en í stað þess sett fjöldatakmark, 6 á ári.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson
(sign.)

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Pétur Diðriksson
(sign.)

Hafþór Finnbogason
(sign.)

Margrét Gísladóttir
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 16. janúar 2019
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í nautgriparækt í jan. 2019
3. Helstu niðurstöður skýrsluhaldsins 2018
4. Listi yfir útsent sæði á árinu 2018